

Fimmtudaginn 18. febrúar 1993.

Nr. 57/1993. **Ákærvaldið**

gegn

Skarphéðni Birkissyni.

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Ákærvald lögreglustjóra. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. janúar 1993 að ósk ákærða, en einnig af ákærvalds hálfu til refsí-
ákvörðunar og hækkunar miskabóta.

Mál þetta er tekið til meðferðar í Hæstarétti samkvæmt 158. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Í ákæru er ákærði talinn hafa gerst sekur um brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er ákæran gefin út af sýslumanninum á Akureyri í samræmi við fyrirmæli í bréfi ríkissaksóknara 22. apríl 1992. Með dómi Hæstaréttar 7. janúar 1993 var 28. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 2. tl. 107. gr. laga nr. 92/1991, skýrð svo, að ekki væri heimilt að fela lögreglustjórum ákærvald vegna brota gegn þeim ákvæðum almennra hegningarlaga, er legðu þyngri viðurlög við broti en sektir, upptöku eigna eða varðhald. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa ákæru í málinu frá héraðsdómi.

Sakarkostnaður í málinu greiðist úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerkur og ákæru í málinu vísað frá héraðsdómi.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.
